



SAMEINING OG SAMVINNA

Niðurstöður könnunar um samvinnu og
sameiningu hafnasjóða

2015
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Samvinna og sameining: Niðurstöður könnunar um samvinnu og
sameiningu hafnasjóða 2015
© Hafnasamband Íslands 2015
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Valur Rafn Halldórsson

Könnun um samvinnu og sameiningu hafnasjóða


Á hafnasambandsþingi sem haldið var í Dalvíkur- og Fjallabyggð 4.-5. september sl. var rætt um að mikilvægt sé að hafnir og sveitarfélög vinni saman að því að efla starfsemi hafna og gera hverja rekstrareiningu arðbæra. Í tengslum við það var stjórn hafnasambandsins falið að vinna úttekt á möguleikum á samvinnu og sameiningum hafnasjóða. Stjórnin fól stefnumótunarnefnd hafnasambandsins þessa vinnu og ákvað hún að framkvæma óformlega könnun þar sem óskað var eftir viðhorfum, hinna ýmsu aðila sem starfa hjá sveitarfélögum, á hugsanlegu samstarfi og sameiningum hafnasjóða.

Könnunin var send út 4. nóvember 2014 á allar aðildarhafnir Hafnasambands Íslands og framkvæmdastjóra þeirra sveitarfélaga. Einnig voru móttökuaðilar beðnir um að koma póstinum áfram á þá einstaklinga sem eru í hafnarstjórn í hverju sveitarfélagi. Einn ítrekunarpóstur var sendur út þann 3. desember 2014.

Alls bárust 74 svör frá 28 hafnasjóðum og af þeim voru 44 fulltrúar í hafnanefnd, 15 svöruðu því til að þeir væru sveitarstjórar, 11 að þeir væru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn, 12 að þeir væru hafnarstjórar og tveir annað. Í einhverju tilfellum voru menn bæði sveitarstjórar og hafnarstjórar.

Telur þú möguleika á að auka samstarf hafnasjóða?


Þegar spurt var um hvort svarendur teldu að auka mætti samstarf milli hafnasjóða þá svöruðu tæplega 70% því játandi og tæplega 10% neitandi.



Algengast var að menn töldu að möguleikar að auknu samstarfi fælust í samnýtingu á tækjum, búnaði og mannskap. Einnig nefndu margir sameiginleg innkaup og útboð, samvinnu í kringum starfsmannahald og skrifstofu, markaðsmál, samvinnu í tengslum við dráttarbát, hafnsögu, fjarvigtun, viðhald, stefnumótun og fleira.

Telur þú að sameina megi hafnasjóði á Íslandi og búa þannig til hagkvæmari rekstrareiningar?

Meira en helmingur svarenda taldi að sameina mætti hafnasjóði á Íslandi og búa þannig til hagkvæmari rekstrareiningar.



Þegar spurt var út í hvaða sameiningar eða samvinnukosti væri skynsamlegt að fara í þá voru nokkur atriði sem voru oftast nefnd en önnur.

Hér að neðan má sjá lista yfir algengustu tillögurnar:

1. Hafnir Dalvíkurbyggðar og Hafnasamlag Norðurlands
2. Hafnir á Eyjafjarðarsvæðinu
3. Grindavík og Þorlákshöfn
4. Hafnir á Snæfellsnesi
5. Faxaflóahafnir og Þorlákshöfn
6. Faxaflóahafnir og Reykjaneshafnir
7. Reykjaneshafnir og Hafnarfjörður
8. Tálknafjörður og Vesturbyggð
9. Snæfellsbær og Grundarfjörður

Aðrar sameiningar sem voru nefndar:

- Hafnir á sunnanverðum Vestfjörðum
- Faxaflóahafnir, Hafnarfjörður, Helguvík og Sandgerði
- Reykjanes til Vestmannaeyja
- Hornafjörður að Raufarhöfn
- Akureyri til beggja átta að Hólmavík og að Melrakkasléttu
- Ísafjörður, Bolungarvík og Súðavík
- Ísafjörður og Bolungarvík
- Þorlákshöfn og Vestmannaeyjar
- Hafnarfjörður og Reykjaneshafnir
- Allt norðausturland og eftir landshlutum
- Allar hafnir á Reykjanesi
- Faxaflóahafnir og Hafnarfjarðarhafnir
- Faxaflóahafnir, Hafnarfjarðarhafnir og Reykjaneshafnir
- Grundarfjörður og Snæfellsbær
- Hornafjörður og Djúpivogur
- Vopnafjörður og Langanesbyggð
- Allur Faxaflói

Samantekt

Samantekt þessi og könnun er gerð á grundvelli samþykktar hafnasambandsþings á Dalvík og í Fjallabyggð. Niðurstaða könnunarinnar er sú að möguleikar eru á samvinnu og sameiningu hafnasjóða að mati meirihluta þeirra sem svöruðu könnuninni. Þessi skýrsla er framlag Hafnasambands Íslands til að ýta undir frekari umræðu um samvinnu á milli hafnasjóða og hugsanlega sameiningu þeirra þar sem það kann að vera hagkvæmt. Eftir sem áður er það hvers og eins hafnasjóðs að ákveða hvort vilji sé fyrir því að auka samvinnu og sameiningu. Hafnasamband Íslands hvetur aðildarhafnir til að skoða möguleika á að efla samstarf og samvinnu og að skoða hvort skynsamlegt sé að sameina hafnasjóði, sambandið mun ekki koma með beinum hætti að málinu, enda forræði þess að fullu og öllu hjá þeim sveitarfélögum sem eru eigendur hafnanna.